

## Fulltrúaráðsfundur í Gerðubergi

21. september 2006

**Mættir auk stjórnarfólks fulltrúar allra deilda utan Svæðafélags Norðurlands.**

### **1. Jóna Th. Viðarsdóttir formaður flutti fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ:**

Stjórn hefur fundað 8 sinnum frá síðasta aðalfundi þann 21. maí sl.

Í stjórn eru Jóna Th. Viðarsdóttir formaður, Guðríður Þ. Valgeirsdóttir varaformaður (endurkjörin til 3ja ára), Ástrós Gunnarsdóttir gjaldkeri ( varamaður , endurkjörin til 2ja ára), Valgerður Júlíusdóttir ritari (endurkjörin til 3ja ára), Margrét Kjartansdóttir meðstjórnandi og umsjónarmaður Sólheimakots, Gunnlaugur Valtýsson, Þorsteinn Kristinsson, sem sagði sig úr stjórn þann 18. ágúst sl., en hann hafði aðeins mætt á tvo fundi fram að því.

Stjórnarfundir eru að öllu jafnaði haldnir á 2ja vikna fresti og er fundartími auglýstur á vefsíðu félagsins. Skila á erindum á tölvutæku formi viku fyrir fund.

Skipað hefur verið í nefndir og hægt að nálgast upplýsingar um skipan þeirra á vefsíðu HRFÍ.

#### **Skrifstofa**

Þrjár starfsstúlkur eru í hlutastarfi; Hanna Björk Kristinsdóttir, Helga Andrésdóttir og Margrét G. Andrésdóttir. Kristín Kristvinsdóttir hefur verið í sumarafleysingum frá 1. júlí og verður til loka september.

Opnunartími skrifstofu er mánudaga og föstudaga kl. 9-13 og þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl.11-16.

#### **Sólheimakot**

Umgengni í Sólheimakoti er óviðunandi. Til að reyna að bæta þetta ástand er búið að útbúa gátlista. Þeir sem fá aðgang að Sólheimakoti fá í hendur þennan gátlista, sem þarf að fylla út þegar lykli er skilað á skrifstofu.

Kominn er tími á endurbætur bæði innan og utanhúss í Sólheimakoti. Vonandi taka félagsmenn vel undir ef leitað verður til þeirra í sjálfböðavinnu við endurbæturnar. Samkomulag er um að Björgunarhundasveitin samnýti Sólheimakot með HRFÍ. Þeir eru tilbúnir til að koma að sjálfböðavinnu við endurbæturnar.

#### **Starfshópur um innflutning dýra til Íslands**

HRFÍ og Kynjakettir áttu fund með þeim aðilum sem koma að innflutningi hunda og katta í Gerðubergi þann 14. júní kl.10

Jóna Th. Viðarsdóttir, Hanna B. Kristinsdóttir og Brynja Tomer mættu f.h. HRFÍ

Marteinn Tausen og Húbert Nói Gunnarsson mættu frá Kynjaköttum

Mættu fulltrúar frá neðangreindum aðilum:

Dýralæknir einangrunarstöðvar, Hérðasdýralæknir, IGS/hlaðmenn, Iceland Air/frakt, Tollgæslan, Einangrunarstöð í Höfnum, Tollmiðlun/tollpappírar

Tilgangur fundarinn er að fá þessa aðila í samstarf til að auðvelda fólki innflutning á dýrum – þannig að gott aðgengi sé að skýru ferli um allt er varðar innflutninginn.

Annar fundur var áætlaður í septemberfundur, en dregst væntanlega eitthvað.

## Breyting á sýningarreglum

Kaflí XVI. Sérákvæði um meistarareglur fyrir vinnu- og veiðihunda (Gildir fyrir hunda sem fæddir eru eftir 1. janúar 1999).

### Tegundahópur 1

Ákvæði fyrir þýskan fjárhund (166)

Þýskur fjárhundur þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að hljóta titilinn íslenskur meistari (ISCH):

1. Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur dómurum, þar af eitt stig í opnum flokki.
  2. Hundur þarf að vera röntgenmyndaður m.t.t. mjaðmaloss (HD) og olnbogaloss (AD)\* (\*Gildir fyrir hunda fædda eftir 1. janúar 2005) og niðurstöður þurfa að liggja fyrir.
  3. Hundur þarf að hafa varanlegt auðkenni (örmerki/húðflúr).
  4. Hundur þarf að hafa staðist vinnueiginleikapróf sem hér segir:
    - a. Skapgerðarmat á aldrinum 12-18 mánaða.
    - b. Sporleitarpróf viðurkennt af HRFÍ eftir 9 mánaða aldur.
    - c. Bronsmerki í hlýðni. (Gildir fyrir hunda fædda eftir 1. janúar 2004).
- 5. IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir gr. 4, lið b og c.**

Til að eftirtaldar hundategundir sem tilheyra **tegundahópum 1, 2, 3, 4, 5, 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8** og fæddar eru eftir 1. janúar 2004 hljóti titilinn íslenskur meistari gilda þær reglur sem að neðan eru taldar. (Gildir um allar þær hundategundir sem þurfa að skila vinnuprófum):

1. Að hafa hlotið þrjú meistarastig á sýningum HRFÍ, hjá þremur dómurum, þar af eitt stig í opnum flokki.
  2. Skapgerðarmat á aldrinum 12-18 mánaða.
  3. Sporleitarpróf viðurkennt af HRFÍ eftir 9 mánaða aldur.
  4. Bronsmerki í hlýðni. (Gildir fyrir hunda fædda eftir 1. janúar 2004).
- 5. IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir lið 3 og 4.**

Einnig þurfa **vinnuhundar (Working/Utility) í tegundahópi 1, 2, 3, 4, 5 6 og vatna- og spanielhundar (Flushing/Water) í tegundahópi 8** að uppfylla eftirtalin skilyrði til að að verða alþjóðlegur sýningarmeistari (INTUCH):

1. Tvö alþjóðleg meistarastig (CACIB) í einu eða fleiri löndum, frá tveimur dómurum af mismunandi þjóðerni og frá tveimur FCI aðildarlöndum. Eitt ár og einn dagur verða að líða milli fyrsta og síðasta alþjóðlegs meistarastigs. Dæmi: frá 1. janúar 2004 til 1. janúar 2005.
  2. Skapgerðarmat
  3. Bronsmerki í hlýðni
  4. Sporleitarpróf I, viðurkennt af HRFÍ
- 5. IPOI próf (Schutzhund, SCHH1) jafngildir lið 3 og 4.**  
Að öðru leyti gilda sýningareglur HRFÍ.

## Breyting á reglugerð um skráningu í ættbók

### 1. *Eftirfarandi regla hefur verið samþykkt:*

Óheimilt er að ættbókarfæra afkvæmi hunds séu eistu hans ekki eðlileg og rétt staðsett (launeistu). **Hafi hundur hvorki verið sýndur í ræktunardóm** né eigi áður skráð afkvæmi, skal fylgja umsókn um ættbókarfærslu afkvæma hans vottorð dýralæknis um að eistu undaneldishundsins séu eðlileg og rétt staðsett. Eingöngu vottorð sem gefið er út eftir sex mánaða aldur hunds er tekið gilt.

2. Cavalierdeildin hefur sett fram breytingar varðandi augnskoðanir við ættbókarskráningu. Þetta er hægt að sjá nánar á heimasíðu deildarinnar.

### Sámur

Tvö blöð hafa komið út í ritstjórn Ingu B. Gunnarsdóttur. Skilafrestur á deildarfréttum og greinum í jólablaðið er 16. október.

### Málefni Hundaskóla HRFÍ

Fjórir fundir hafa verið haldnir hjá vinnuhópi um uppbyggingu Hundaskóla HRFÍ frá síðasta aðalfundi félagsins. Hvolpa- og grunnnámskeið eru í fullum gangi.

### Íþróttadeild

Námskeið í hundafimi fyrir byrjendur eru haldin á vegum Íþróttadeildarinnar í reiðhöll Andvara. Ábyrgðarmaður og leiðbeinandi er Ívar Bergsteinsson ásamt tveimur aðstoðarkonum. Jafnframt er boðið upp á framhaldstíma og geta félagsmenn keypt sér þátttökukort á kynningarverði á skrifstofunni.

Mánaðarkort kr.1.500

3ja mán. kr.3.500

6 mán. kr.6.000

12 mán. kr.10.000

Boðið hefur verið upp á námskeið fyrir félagi í Unglingadeild á aldrinum 10-17 ára sem hófst í byrjun september. Námskeiðið er ókeypis og eru æfingar alla mánudaga. Námskeiðið endar með Meistaramóti HRFÍ í hundafimi 25. nóvember það sem börn og fullorðnir og hundarnir þeirra keppa.

### Stofnun nýrra deilda

Á síðasta aðalfundi voru stofnaðar þrjár nýjar deildir. Það eru Fjár- og hjarðhundadeild sem er safndeild fyrir hunda úr tegundahópi 1, Schnauzerdeild og Fuglahundadeild. Jafnframt voru lagðar niður VHD og DESÍ

## Ýmsir atburðir á vegum félagsins frá síðasta fulltrúaráðsfundi:

1. Fyrirlestur hjá Lars Fält 29. apríl sl. í Gerðubergi
2. Veiðipróf  
Retrieverdeild: 29. apríl, 6. maí, 27. maí, 15.-16. júlí og 5.-6. ágúst.  
VHD: Írsk setter prófið 5.-7. maí.  
Áfangfellsprófið 9.10.sept.
3. Dýralæknarnir Finn Boserup og Susanne Kaarsholm frá Danmörku augnskoðuðu hunda í Sólheimakoti laugardaginn 20. maí.
4. Sumarsýningin fór fram í reiðhöllinni í Víðidal helgina 24.-25. júní.  
550 hundar voru sýndir. Boðið var upp á sýningarþjálfun í umsjón ræktunardeilda og unglíngadeildar. Öllum deildum félagsins var boðið að vera með kynningarbása.
5. Ræktunarnámskeið fyrir byrjendur var um mánaðarmótin júní/júlí. Alls 16 félagsmenn sóttu námskeiðið. Leiðbeinandi námskeiðsins var dómari og Íslandsvinurinn Hans Áke Sperne frá Svíþjóð.
6. Sýningarrítaranámskeið var haldið helgina 2.-3. september í Sólheimakoti. Moniku Karlsdóttur sá um undirbúning námskeiðsins ásamt Lilju Dóru Halldórsdóttur sem einnig leiðbeindu á námskeiðinu.
7. Deildarsýningar  
Hundasýning á vegum terrierdeildarinnar var haldin þann 9. september í Reiðhöll Andvara á Kjöavöllum. Rúmlega 70 hundar voru sýndir auk þess tóku ungir sýnendur þátt. Dómari var Cindy Peterson frá Svíþjóð. Hún var með námskeið fyrir unga sýnendur og var með fyrirlestur um byggingu og hreyfingu hunda ásamt leiðbeiningar í feldhirðu.  
  
DIF sýningin var haldin 17. september í reiðhöllinni Ingólfshvoli. Rúmlega 70 hundar voru sýndir. Dómari var Zidy Munsterhielm-Ehnberg frá Finnlandi. Sýningin var haldin í tilefni af 10 ára afmæli ISIC. Fjöldi erlendra gesta kom til landsins í tilefni þessa.
8. Námskeið „*Að starfa í stjórn*” var haldið er á vegum Leiðtogaskóla UMFÍ miðvikudaginn 13. september. Námskeiðið er ætlað fyrir stjórnir deilda og aðra áhugasama félagsmenn.
9. Skapgerðarmat fór fram á eftirfarandi dögum:  
26.-28. maí 2006.  
10. júní 2006. Eingöngu fyrir hunda úr ákveðnum gotum.  
11.-13. ágúst 2006. Eingöngu fyrir hunda úr ákveðnum gotum.  
25.-27. ágúst 2006.  
September 2006 verður bætt við ef eftirspurn er eftir því

## Á döfinni

1. Veiðpróf 30. september til 1. október.
2. Haustiýning HRFÍ 7.- 8. október
3. Ganga og gleði 4. nóvember, Laugavegsganga.
4. Augnskoðun 17. – 18. nóvember.
5. Norræn meistarakeppni ungra sýnenda í Hamar í Noregi 17.- 18. nóvember.
6. Meistaramót HRFÍ í hundafimi 25. nóvember.
7. Aðventukaffi í desember – nánar auglýst síðar.

## 2. Helga Finnsdóttir dýralæknir sagði frá umræðum frá fundi NKU/VK þann 12. september sl.

Tilgangur með vísindaráði hundaræktarfélaganna er að vera stjórnun félaganna ráðgefandi aðili í málefnum er varða heilbrigði og erfir. Vísindaráð er ekki ákvarðanatökandi aðili en getur lagt fram eigin tillögur um mál er varða heilbrigði og velferð hunda, stjórnun félaganna til íhugunar og umræðu.

Mörg mál voru á dagskrá en þau helstu verða til umræðu hér:

### **Röntgen:**

Í tengslum við vísindaráðsfundina er fundur í röntgenráði. Í því sitja þeir dýralæknar sem lesa röntgenmyndir (mjaðmir og olnboga) fyrir norrænu hundaræktarfélagin. Noregur annast þessi mál fyrir HRFÍ. Röntgenlæknar hittast nokkrum sinnum á ári. Mikil áhersla er lögð á að samræma aflestur röntgenmynda í aðildarlöndunum eins vel og unnt er. Fjallað var um mjaðamyndir og leitað er eftir geni sem orskar mjaðmalos.

### **Sjúkdómar:**

Rætt var um ræktun á heilbrigðum hundum. Á fundinum var lögð áhersla á að hundaræktarfélagin verði að setja deildum ákveðnar reglur varðandi ræktun þ.e. leiðbeinandi reglur. Mikið er orðið áberandi að hundar séu ræktaðir m.t.t. sýninga. Lögð var áhersla á að rækta ekki undan óheilbrigðum hundum.

### **Húðsjúkdómar:**

Húðsjúkdómar eru sennilega meðal algengustu vandamála hjá hundum. Rædd var sú hugmynd að koma á gagnagrunni yfir þann sjúkdómaflokk m.a. með skilgreiningum á einkennum. Það mundi auðvelda sjúkdómsgreininguna og auka yfirsýn yfir hvaða sjúkdómar eru algengastir hjá hverju hundakyni. Sérfræðingar benda á mikilvægi þess að nota ekki dýr með langvinna húðsjúkdóma til undaneldis og para aðeins systkini, foreldra eða hálf systkini dýra með húðsjúkdóma við heilbrigða einstaklinga.

### ***Ýkt útlit (extremevaribale) og heilbrigði:***

Vísindaráð hefur undanfarin ár haft miklar áhyggjur af hundategundum sem eru fórnarlömb ræktunar á “ýktu” útliti. Einhverjum kann að þykja það útlit flott en getur hins vegar skert lífsgæði hundanna með viðvarandi sársauka og langvinnum sjúkdómum. Lögð hefur verið vinna við að endurbæta ræktunarmarkmið þessara tegunda með heilbrigði þeirra að leiðarljósi. Einnig hefur verið reynt að koma fræðslu og hvatningu til dómara að dæma ekki slíka einstaklinga til verðlauna og til ræktenda að forðast undaneldi frá þeim einstaklingum þar sem útlit og bygging einstaklings veldur vanlíðan og sársauka. Sænska hundaræktarfélagið hefur sett töluverða fjármuni í fræðslunámskeið fyrir sænska dómara um vandamálið og stefnt er að því að bjóða einnig erlendum dómurum á slík námskeið.

Sum hundaræktarfélögin heimila ekki birtingu mynda af hundum sem þykja hafa “ýkt” útlit eða útlit sem stangast á við lög og reglugerðir um dýravernd t.d. myndir af skott- og eyrnastýfðum hundum. Stjórnir félaganna ættu að hvetja ritstjóra félagasblaðanna að taka höndum saman um að birta alls ekki myndir af hundum þar sem augljóst er að útlitið hefur áhrif á lífsgæði hundsins eða hafi verið gerðar á þeim sársaukafullar aðgerðir sem eru bannaðar í aðildarlöndunum.

Aðildarlöndin ættu að fara að dæmi Dana sem bæði senda dómurum sýninga lista yfir þau hundakyn sem þjást af sjúkdómum vegna útlitsins og árétta þessi vandamál áður en sýning hefst. Einnig ætti að taka málið upp við dýralækna og taka saman yfirlit um tegundabundna sjúkdóma sem geta stafað af kröfum sem ræktunarmarkmið kynsins krefst um útlit og byggingu þess. Svíar bönnuðu ræktun á Sharpei vegna þess að þeir voru komnir með svo mikil húðvandamál. Norrænu hundaræktarfélögin ættu að hvetja til að heilbrigði sé mikilvægara en útlitið. Ræktunardeildir verða að setja sér markmið í ræktun sem leggur áherslu á heilbrigði frekar en útlit. Sjúkdómar sem koma oftar upp í einu hundakyni frekar en öðru er arfgengur.

Vísindaráð norrænu hundaræktarfélaganna mun leggja ríka áherslu á að vinna áfram í þessum málaflokki og styðja félögin í baráttunni fyrir heilbrigði hunda og leggja fram markvissari tillögur á næsta vísindaráðsfundi.

### ***Skráning í gagnagrunna:***

Mikil áhersla er lögð á uppbyggingu gagnagrunna í félögunum til að halda utan um skráningu á sjúkdómum og niðurstöður rannsókna. Skráning á tíðni og tegund krabbameina í gagnagrunn hefur verið um árabil í Noregi og nú á álíka gagnagrunnur að vera í smíðum í Danmörku.

Í undirbúningi hefur verið stofnun norrænnar miðstöðvar sem tæki á móti öllum DNA sýnum og sendi þau síðan áfram á viðurkenndar rannsóknastofur. Það myndi auka líkur á einsleitum niðurstöðum. Miðstöðin gæti þá fengið aðgang að niðurstöðum til frekari DNA rannsókna sem settur yrði í samnorrænan gagnagrunn og þar fengjust líka upplýsingar um hvaða DNA rannsókn væri krafist fyrir hvert hundakyn.

### ***Ræktunarstefna:***

Hundaræktarfélögin í Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð hafa ákveðnar siðareglur fyrir félagi sína s.s. að nota einungis líkamlega og andlega heilbrigð dýr til undaneldis og forðast skyldleikaræktun eins og að nota föður á dóttur eða son á móður í þeim tilgangi að minnka líkur á arfgengum sjúkdómum. Þau hafa einnig hvatt sérdeildir sínar til að setja fram markvissa ræktunarstefnu fyrir kynið og jafnvel sögu þess, starfsemi deildarinnar frá upphafi o.fl.

Erindi um evrópska forystu í að nota hundinn sem módel í rannsóknum á arfgengum sjúkdómum hjá manningum (LUPA).

Finnskur vísindamaður Hannes Lohi fræddi fundarmenn um rannsóknir sem gerðar hafa verið á erfðamengi hundsins og möguleikum á samanburðarrannsóknum. Hann sagði frá DNA rannsóknum sínum á flogaveiki í hundum og áætlun um sambærilegar rannsóknir á fólki. Hundar eru gott módel fyrir flogaveiki í fólki þar sem þeir lifa í svo mikilli nánd við manninn.

Rætt var um samræmdar reglur um bólusetningar og breyttar forsendur vegna lifandi bóluefna.

### **3. Alþjóðleg meistarasýning HRFÍ. 7. – 8. október**

Um 660 hundar eru skráðir á næstu hundasýningu og 46 ungir sýnendur.

Þær deildir sem eiga að aðstoða við að setja upp og taka niður sýningu er í höndum neðangreindra:

- Deild Þýska fjárhundsins
- DÍF
- Ensk cockerdeild
- Unglingadeildar.

Sendu þarf nöfn og símanúmer þeirra sem munu sjá um þessa vinnu fyrir deildirnar til Halldóru Friðriksdóttur formanns framkvæmdanefndar.

Ekki hafa allar deildir óskað eftir kynningarbási á sýningunni.

Mikilvægt er að fulltrúar deilda fari eftir starfsreglum um ræktunardeildir.

Ræktunarstjórn á að fræða um sögu kynsins, heilbrigði og uppruna og því eru kynningarbásar á hundasýningum mikilvægur vettvangur til að sinna þessu hlutverki.

Nokkar deildir tilkynntu þátttöku á sumarsýningu félagsins en mættu ekki. Þetta voru ensk cocker, retriever og úrvalsdeild, hvorki hundar né menn voru í Fuglahundabásnum.

Kynningarbás er eingöngu fyrir viðkomandi hundategund og ekki er ætlast til að auglýsingar frá fyrirtækjum séu settar upp þar.

Söluaðilar á vörum og þjónustu fyrir hunda geta leigt sölubása á sýningunni.

### **Sýningarþjálfun**

Unglingadeildin hefur staðið fyrir sýningarþjálfun alla sunnudaga eftir æfingu unglingsdeilda í reiðhöll Gusts. Þrjá sunnudaga fyrir sýninguna fara æfingar fram í reiðhöllinni í Víðidal. Þar sér unglingsdeild og forsvarsmenn deilda um aðstoð.

Chihuahuaeild, Smáhundadeild, Úrvalsdeild, Fuglahundadeild, Schnauzerdeild og Deild Þýska fjárhundsins standa fyrir sýningarþjálfun í reiðhöll Andvara.

### **4. Formenn deilda sögðu nokkur orð um starfið framundan**

María Tómasardóttir frá Cavalierdeild sagði að formaður norska cavalierklúbbsins kæmi hingað fyrir næstu sýningu og yrði með fræðslu fyrir verðandi ræktendur á cavalier hundum. Fræðslufundurinn verður mánudaginn eftir hundasýninguna.

Erindið er fyrst og fremst hugsað fyrir byrjendur í ræktun á cavalier hundum. María óskaði eftir hugmyndum um leigu á sal. Aðrar deildir höfðu mikinn áhuga á að nýta sér þessa fræðslu.

Porsteinn frá DÍF sagði að mikil vinna og undirbúningur hefði verið fyrir síðustu DÍF sýningu þar sem þeir tóku einnig á móti fjölda erlendra gesta.

Íris Ósk frá Ensk cocker spaniel deild sagði að tveir ræktendur frá Danmörku og Englandi kæmu á næstu sýningu félagsins. Þeir verða með sýningarþjálfun fyrir deildina. Tveir hundar hafa verið innfluttir frá þeim.

Pétur Alan frá Veiðihundadeild sagði frá veiðiprófum og uppákomum á næstunni.

Silja frá Íþróttadeild sagði frá námskeiðum Unglingadeildar og keppni sem verður haldin er í lok námskeiðsins. Leitað er eftir dómara.

Snauszherdeild – fyrsti fundur nýrrar deildar verður nú í október. Starfsemi deildarinnar er rétt að komast í gang.

Matthildur Úlfarsdóttir frá Spaníeldeild sagði frá sýningarþjálfun, göngum, keilukeppni og fyrirlestri dýralæknis. Þeir ætla að óska eftir að fá að halda deildarsýningu í janúar og tillaga hefur komið um að hafa opið hús eftir áramót.

Terrierdeild er nýbúin að halda deildarsýningu. Dómarinn sem kom var vel nýttur allan tímann. Hún var með námskeið fyrir unga sýnendur og feldhirðunámskeið.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir frá Unglingadeild sagði frá “sleep over” en þá gista krakkarnir eina nótt í Sólheimakoti og skemmta sér saman. Deildin sér um sýningarþjálfun fyrir HRFÍ, ágóðinn rennur til styrktar unglíngum í keppni ungra sýnenda í Noregi.

Chihuahuedeild býður upp á hvolpadaga, göngur, árshátíð og nýja heimasíðu.

Sigríður Hrólfsdóttir frá Deild þýskafjórðungsins sagði að deildin væri mjög fjölmenn og þar væri fólk með ólíkar skoðanir. Deildin er með göngur, vefsíðu og bás á sýningu. Þeir fá mjög margar fyrirspurnir til sín. Ekki hefur gengið vel að manna bás á næstu sýningu.

Magnús Jónatansson frá Írsk setterdeild sagði að mikið uppbyggingarstarf væri í gangi í deildinni. Fá got væru og ekkert got hefði verið í 2 ár.

Olgeir frá retriverdeild sagði frá heimasíðu deildarinnar.

Sigríður Sólveig frá Smáhundadeild sagði að lítil samstaða væri innan deildarinnar og engin starfsemi.

Tibet spaniel deild – mjög fáir innan deildarinnar aðallega stjórn og fjölskyldur þeirra. Þeir eru með árshátíð sem haldin verður í ellefta sinn nú í nóvember. Deildin er með göngur og ný heimasíða er á leiðinni. Básinn er alltaf á herðum sama fólksins. Deildin verður ekki með bás að þessu sinni þar sem tveir stjórnarmeðlimir væru erlendis á þessum tíma.



Margrét Dögg frá Úrvaldsdeild sagði frá opnu húsi þar sem 5 félagar mættu. Hún ætlar að efla starfsemi deildarinnar á næstunni. Verið er að vinna að heimasíður deildarinnar.

Lára frá Fjár- og hjarðhundadeild sagði frá blómlegu starfi deildarinnar.

## 5. Baráttumálin „Hundahald leyft með skilyrðum”

Nýr borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, var búinn að lofa stjórnarmönnum og félagsmönnum HRFÍ að ef hann yrði næsti borgarstjóri þá myndi hann vinna að því að aflétta banni við hundahaldi. Hann hefur ekki gengið á bak orða sinna því að á fyrsta fundi nýs Umhverfisstjórnar Reykjavíkur var lögð fram tillaga að breytingu á samþykkt um hundahald í Reykjavík. Lagt var til að bann við hundahaldi yrði aflétt í borginni og hundahald leyft með uppfylltum sömu skilyrðum og nú eru.

Fundur var með formanni Umhverfisstjórnar, Gísla Marteini Baldurssyni þann 24. júlí sl. Á fundinn mættu formaður, varaformaður og Magnús Jónatansson.

***Það helsta sem fram kom á fundinum:***

- Endurskoðun á hundasamþykkt n.k. haust í samvinnu við HRFÍ.
- Fara sem fyrst í jákvæðar aðgerðir s.s. fjölga ruslafötum og afhenda skítapoka t.d. á bensínstöðvum.
- HRFÍ standi fyrir áróðri til hundaeigenda um að vera til fyrirmyndar í öllu hundahaldi m.a. með því að þrifa skilyrðislaust upp eftir hundana og vera ekki með þá lausa þar sem það er ekki leyfilegt.
- Gísli Marteinn segist hafa fullan hug á því að afnema bönn t.d. á Laugaveginum þar sem m.a. margir hundaeigendur búa.
- Fyrsta aðgerð yrði að snúa við „**Banni við hundahaldi með skilyrðum**” í „**Leyft hundahald með skilyrðum**”.
- Þegar búið væri að leyfa hundahald með skilyrðum yrði í framhaldinu haldið áfram vinnu við hundasamþykktina. Líta t.d. til SKK og Dublinarborgar með ýmsar hugmyndir.

Mikilvægt er að HRFÍ standi sig vel varðandi undirbúning á leyfðu hundahaldi og að sýni frumkvæði og áhuga varðandi hugmyndir og allt sem félagsmenn hafa áhuga á að láta breyta.

Þann 29. ágúst var tillaga meirihlutans í umhverfisstjórn um að afnema bann við hundahaldi í Reykjavík samþykkt einróma á fundi ráðsins. Tillagan verður nú send borgarstjórn og ef hún verður samþykkt þar verður endi bundinn á 82 ára bann við hundahaldi í borginni. Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisstjórnar Reykjavíkurborgar, segir það söguleg tíðindi að tillaga hans um að snúa við banni við hundahaldi í borginni hafi náð fram að ganga. Með þessu er skapað jákvæðara andrúmsloft gagnvart hundaeigendum. Hertar verða aðgerðir gegn þeim sem brjóta gegn samþykktum borgarinnar um hundahald. Ekki verður að líðið að fólk sé með hundana sína lausa þar sem það má ekki og meginreglan er auðvitað sú að lausaganga hunda verði bönnuð í borginni, nema á tilteknum, afgirtum svæðum. Hundaeigendur verða að standa sig í því að taka skítinn upp eftir hunda sína.

Hundahald hefur verið bannað í Reykjavík frá árinu 1924 og því telst það til nokkurra

tíðinda ef það verður afnumið nú 82 árum síðar. Gísli segir að tillagan hafi verið send borgarstjórn þar sem hún verður tekin til samþykktar og býst hann ekki við miklum deilum.

Nú er mikilvægt að hundaeigendur sýni í verki að þeir séu traustsins verðir. Hundaeigendur verða að þrifa upp eftir hunda sína og vera ekki með þá lausa þar sem það er bannað. Þetta eru atriði sem auðveldlega og fyrirhafnarlítið á að vera hægt að hafa í lagi. Árný Sigurðardóttir hjá Umhverfissviði segir að mikið af kvörtunum bærust til þeirra vegna þessara tveggja atriða. Því er nauðsynlegt að halda þessum áróðri á lofti, ekki síst til þess að önnur bæjarfélög fari að fordæmi borgarinnar.

## 6. Önnur mál

- Formaður leitaði eftir hugmyndum að fyrirlesara fyrir næsta vetur. VIS AGRIA styrkir HRFÍ vegna kostnaðar við einn fyrirlesara á ári eða kr.50.000
- Lára frá Fjár- og hjarðhundadeild kom með hugmynd að skipta Úrvalsdeild meira upp t.d. tegundahópur 5 og mjóhundadeild fyrir tegundahóp 10.
- Sigríður Sólveig spurði hvort það væri ekki rétt að allir mættu koma í sýningarþjálfun hjá Unglingadeildinni. Það eru allir velkomnir.
- Magnús Jónatansson vill að stjórn HRFÍ fylgi því vel eftir að leyfa hundahald í borginni. Einnig vill hann að félagið eignist sitt eigið húsnæði. Lára vildi setja á fót nefnd til að finna heppilegt húsnæði. Jóna Th. Viðarsdóttir lagði til að Magnús yrði formaður nefndarinnar.
- Sigríður Hrólfdóttir benti á að það þyrfti að uppfæra skipurit um vinnu deilda. Henni var sagt að það væri í vinnslu.
- Lára vill hækka verð á möppum til stryktar Unglingadeild.
- Haukur í Deild þýska fjárhundsins vill minnka ósætti milli félagsmanna. Allir voru sammála því.

Fundi slitið

Valgerður Júlíusdóttir  
Ritari